

### 3. Fundur Velferðarnefnd Stranda- og Reykhóla

Þriðji fundur Velferðarnefndar Stranda- og Reykhóla var haldinn í Félagsmála- og jafnréttisnefnd Strandabyggðar mánudaginn 2. maí 2011 kl. 14:00 í Félagsheimilinu í Árneshreppi.

Mættir eru Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir (Strandabyggð), Andrea Björnsdóttir (Reykhólum), Hrefna Þorvaldsdóttir (Árneshreppi), Jenný Jensdóttir (Kaldrananeshreppur). Rósmundur Númason tilkynnti forföll. Ekki var unnt að fylla skarð annars fulltrúa Strandabyggðar.

Fundargerð ritaði: Hildur Jakobína Gísladóttir, félagsmálastjóri.

#### Dagskrá fundar:

##### 1. Tákmynd (Lógó) Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps

Velferðarnefnd samþykkir tillögu félagsmálastjóra um að efna til samkeppni um, lógó Félagsþjónustunnar. Velferðarnefnd mun vinna úr þeim tillögum sem berast.

Bókun:

„Velferðarnefnd samþykkir tillögu að efna til samkeppni um táknmynd fyrir Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla. Frestur er til 17.júní nk“.

##### 2. Samþykkt fyrir Velferðarnefnd

„Velferðarnefnd samþykkir samþykktina“

##### 3. Verklag um meðferð opinberra gagna

*Reglur félagsþjónustunnar um meðferð opinberra gagna er samþykkt*

##### 4. Trúnaðarmál

Niðurstaða skv. bókun í málinu færð í trúnaðarbók.

##### 5. Trúnaðarmál

Niðurstaða skv. bókun í málinu færð í trúnaðarbók.

#### Önnur mál.

##### 6. Þjónustuhópur aldraðra

Velferðarnefnd Stranda – og Reykhólahrepps telur mikilvægt að setja á stofn þjónustuhóp skv. lögum um málefnum aldraðra sem skipaður verður lækni, hjúkrunarfræðingi, félagsmálastjóra eða presti og fulltrúa eldri borgara frá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Félagsmálastjóri mun hafa frumkvæði á því að hópurinn verði stofnaður.

##### 7. Neyðarteymi

Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps leggur til að komið verði á fót neyðarteymi til að takast á við áföll einstaklinga á starfssvæði nefndarinnar. Félagsmálastjóri mun ræða við heilsugæsluna og presta starfssvæðanna varðandi aðkomu að slíku teymi.